



Reykjavík, 21. júlí 2025

MSS22010044

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands um Snjallræði 2025–2026

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að endurnýjuðum samningi Reykjavíkurborgar við Háskóla Íslands um fjárframlag að upphæð 3 m.kr. árlega vegna samstarfs um þróun og rekstur samfélagshraðalsins Snjallræðis, þar sem sjálfbærar lausnir fyrir umhverfi og samfélag eru í forgrunnu. Samningurinn gildir til tveggja ára.

Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2018 verið bakhjarl Snjallræðis, hraðals fyrir samfélagslega nýsköpun, sem var stofnað af Höfða friðarsetri í samstarfi við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg styrkti verkefnið um samtals 10 milljónir króna árin 2022 og 2023, og um 5 milljónir árið 2024.

Nú liggur fyrir nýr samningur við Háskóla Íslands um stuðning við hraðalinn fyrir árin 2025 og 2026. Árlegt fjárframlag borgarinnar lækkar úr 5 milljónum í 3 milljónir króna, auk þess sem borgin leggur til vinnuframlag og veitir aðgang að Tjarnarsal án leigu fyrir lokaviðburð.

Fyrirkomulagi hraðalsins hefur verið breytt í samstarfi við Reykjavíkurborg til að lækka beinan kostnað án skerðingar á gæðum. Áður fóru framlög Reykjavíkurborgar og Marel að mestu til að greiða Massachusetts Institute of Technology (MIT) fyrir aðkomu að verkefninu. Nú hefur fengist styrkur úr samstarfssjóði háskólanna, sem gerir háskólunum kleift að leggja til vinnuframlag og lækka kostnað við MIT.

MIT mun þó áfram gegna lykilhlutverki og aðferðafræði MIT DesignX verður áfram notuð. Á sama tíma taka Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri virkan þátt í framkvæmdinni og leggja fram aukið vinnuframlag og sérfræðipækkingu.

Snjallræði hefur alltaf lagt áherslu á samfélagslega nýsköpun og fjölbreytileika. Hraðallinn sker sig úr með hátt hlutfall kvenna og þátttakenda af erlendum uppruna. Nú verður aukin áhersla á rannsóknadrifna nýsköpun innan háskólanna, samhliða þátttöku frumkvöðla úr samfélaginu.

Reykjavíkurborg tekur áfram þátt í verkefni sem tengir saman nýsköpun, rannsóknir og samfélagslegar áskoranir. Með lægri kostnaði nær borgin að styðja hraðalinn áfram á hagkvæman hátt, í samræmi við stefnu sína um nýsköpun, samfélagslega ábyrgð og fjölbreytileika í atvinnulífi.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík



Hjálagt:
Samningur vegna Snjallræðis 2025-2026
Uppgjör Snjallræðis 2024
Um Snjallræði

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnagötu 11, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

1. gr. Markmið

Samningur þessi gildir um Snjallræði, viðskiptahraðal fyrir samfélagslega nýsköpun á vegum Höfða friðarseturs, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands en að hraðlinum kemur einnig öflugt net annarra samstarfsaðila. Snjallræði er ætlað að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem raunverulega styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og leysa aðsteðjandi úrlausnarefni samfélagsins með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búnir til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum.

Hraðallinn er unninn í samstarfi við MIT og er vottaður MIT Design X hraðall og býður upp á metnaðarfullan vettvang til vöruþróunar og góðan undirbúning fyrir fjármögnun. Þungamiðjan í hraðlinum felst í vinnustofum með MIT. Sérfræðingar frá MIT dvelja samtals í fjórar vikur á Íslandi á meðan hraðlinum stendur. Mikilvægur partur af hraðlinum er svo mentora hlutinn en það eru skipulagðir fundir þátttakenda með reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og öðrum sérfræðingum úr atvinnulífinu.

Um er að ræða sannreynt ferli þar sem allt að tíu sprotaverkefnum er veittur aðgangur að breiðu tengslaneti leiðbeinenda úr atvinnulífinu og markvissri þjálfun sem miðar að því að koma vöru á markað. Umsjón með hraðlinum er í höndum HÍ.

2. gr. Stýrihópur

Fulltrúar bakjarla mynda stýrihóp verkefnisins. Á þeim vettvangi eru ræddar faglegar áherslur verkefnisins og línur lagðar fyrir markaðs- og kynningarstarf þess.

Stýrihópur verkefnisins tekur þátt í yfirferð umsókna og vali á þeim viðskiptahugmyndum sem býðst þátttaka í hraðlinum og tilnefnir aðra sérfræðinga sem óskað verður eftir að taki þátt í þeirri vinnu.

Stýrihópur tilnefnir jafnframt leiðbeinendur úr atvinnulífinu og aðra sérfræðinga í mentorahóp verkefnisins.

HÍ hefur umsjón með störfum stýrihóps.

3. gr. Hlutverk og ábyrgð Háskóla Íslands

Hí skuldbindur sig til að hafa umsjón með undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni verkefnisins eins og nánar er útlistað hér fyrir neðan.

Aðsetur verkefnisins verður í Grósku.

Undirbúningur:

- Umsjón með störfum stýrihóps
- Setja upp vefsíðu fyrir verkefnið
- Útbúa umsóknarform og setja upp umsóknarkerfi
- Markaðssetning og kynningarstarf sem miðar að því að vekja almenna athygli á verkefninu og kveikja áhuga markhópsins sem skilgreindur verður nánar af stýrihópi
- Hönnun og útfærsla markaðsefnis
- Umsjón og skipulag kynningarviðburðar
- Umsjón og skipulag með stefnumóti hugmynda og færni í aðdraganda hraðalsins
- Samskipti við bakhjarla og aðra hagaðila
- Umsjón með yfirferð umsókna, viðtölum og vali á allt að tíu teyrum til þátttöku, tengir inn í það ferli viðeigandi sérfræðinga sem tilnefndir eru af stýrihópi
- Tryggja til þátttöku úrval leiðbeinenda í atvinnulífinu í samstarfi við stýrihóp
- Setja upp metnaðarfulla dagskrá sem miðar að því að hraða vaxtaferli fyrirtækjanna sem taka þátt og undirbúa þau fyrir fjárfestakynningu og styrkumsóknir
- Annað sem kann að skipta máli í aðdraganda verkefnisins

Rekstur

- Útvega vinnuaðstöðu fyrir þátttakendur meðan á verkefninu stendur og sjá um daglegan rekstur þess þannig að starfsaðstæður séu til fyrirmyndar
- Daglegur rekstur viðskiptahraðalsins, m.a. bókhald og greiðsla reikninga
- Fylgja eftir metnaðarfullri dagskrá
- Regluleg samskipti við stýrihóp um framvindu verkefnisins
- Reglulegir stöðufundir með hverju teymi
- Skipulag og bókun mentorafunda þar sem þátttakendur eru paraðir saman við leiðbeinendur úr atvinnulífinu
- Sjá um að skipuleggja viðburði í tengslum við verkefnið meðan á því stendur
- Markaðs- og kynningarstarf meðan á verkefninu stendur, þ.m.t. rekstur vefsíðu, reglulegar fréttir og umfjöllun um þátttakendur
- Deila með bakhjörum og öðrum samstarfsaðilum markaðsefni sem þau geta deilt á eigin miðlum
- Undirbúa lokadag verkefnisins, fjárfestaping, þar sem teymin kynna hugmyndir sínar og boða þangað fjárfesta, aðstandendur verkefnisins og mögulega viðskiptavinir eða samstarfsaðila þátttakenda

Eftirvinnsla

- Framkvæmd ánægjukönnunar meðal þátttakenda
- Samantekt sem inniheldur helstu niðurstöður verkefnisins
- Hitta þátttakendur að hálfu ári liðnu til að fylgja eftir stuðningi við viðskiptahugmyndir þeirra

4. gr. Hlutverk og ábyrgð Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg tilnefnir einn fulltrúa á sínum vegum í stýrihóp verkefnisins. Viðkomandi aðili verður jafnframt tengiliður verkefnastjóra hraðalsins við Reykjavíkurborg og miðlar áfram upplýsingum um framvindu verkefnisins til Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að vinnuframlag vegna setu eins manns í stýrihópi sé um 10-15 klst. samanlagt á tímabilinu. Ekki er greitt fyrir setu í stýrihópi.

Reykjavíkurborg býðst að skipa fjóra fulltrúa sem geta setið prógram hraðalsins að hluta til eða í heild.

Reykjavíkurborg býðst að tilnefna tvo sérfræðinga úr sínum röðum sem mentora í Snjallræði. Mentorar velja sér þátttakendur til að leiðbeina og hitta reglulega á fundum sem skipulagðir eru af HÍ. Hlutverk mentora er að aðstoða þátttakendur við að þróa þær viðskiptahugmyndir sem unnið er að. Gert er ráð fyrir að vinnuframlag mentora sé um 6-8 klst.

Reykjavíkurborg býðst að veita sérverðlaun á fjárfestadegi. Kostnaður vegna sérverðlauna er ekki innifalinn í samningi þessum.

Reykjavíkurborg gerist bakhjarl Snjallræðis og tekur þátt í að leggja til fjármagn sem tryggir rekstur þess.

5. gr. Skuldbindingar og greiðslur

Samningur þessi gildir til loka árs 2026 og greiðir Reykjavíkurborg Háskóla Íslands kr. 3.000.000 í styrk árlega til að standa straum af kostnaði vegna Snjallræðis 2025 og 2026. Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Um er að ræða styrk án vsk. og skal upphæðin greidd með eftirfarandi hætti:

- | | |
|-----------------|-------------------------|
| 1. október 2025 | kr. 3.000.000,- án vsk. |
| 1. október 2026 | kr. 3.000.000,- án vsk. |

Reykjavíkurborg leggur jafnframt til vinnuframlag að andvirði 1.000.000 kr. vegna þátttöku starfsmanna í verkefninu árlega. Samtals nemur framlag borgarinnar því 8.000.000 kr. á samningstímabilinu. Auk þess veitir Reykjavíkurborg Snjallræði aðgang að Tjarnarsal fyrir lokaviðburð hraðalsins án leigugjalds.

Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Háskóla Íslands, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri nema Háskóli Íslands hafi hlotið undanþágu frá því.

6. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og verkefnisstjóri Snjallræðis sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

7. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári skal Háskóli Íslands skila Reykjavíkurborg árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2026 fyrir starfsárið 2025 og 1. maí 2027 fyrir starfsárið 2026. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

8. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr. Framsal

Háskóla Íslands er óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.] 2025

F.h. Reykjavíkurborgar
Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri

F.h. Háskóla Íslands
Jón Atli Benediktsson, rektor

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Uppgjör - Fjárhagsstaða í lok Snjallræðis 2024



Kostnaður við lokadag Snjallræðis 2024				Heildarupphæð við Snjallræði 2024	
Ljósmyndari (+ VSK)	50.700,00 kr			12.441.837 kr	
Blóm	78.700,00 kr				
Veitingar - Hagkaup	99.385,00 kr			Fellur undir samstarfssamning - endurhönnun & kynningarmál	
Drykkir - ÁTVR	53.002,00 kr			Auglýsingar - ENNEMM lokadagur	80.000,00 kr
Auglýsingar - ENNEMM	80.000,00 kr			Grafík - Anonymus	165.000,00 kr
Grafík - Þór	165.000,00 kr			ENNEMM - Auglýsingar á samfélagsmiðlum í ágúst	167.642,00 kr
Prenntun - dagskrá - pixel	22.451,00 kr			Snjallræði - Endurhönnun -& Auglýsingavinna Anonymus	455.000,00 kr
Þjónn	35.000,00 kr			Overcast - vinna við nýjan vef	1.116.553,00 kr
Prenntun - viðurkenningarskjöl - Pixel	14.638,00 kr			Auglýsingar- ENNEMM í maí	185.688,00 kr
					2.169.883,00 kr
Samtals	598.876,00 kr				
				Styrkir bakhjarla	12.000.000
Hraðallinn - rekstur 2024				Bein útgjöld	10.271.954,00 kr
MIT reikningur	9.660.000,00 kr			Núverandi staða:	1.728.046,00 kr
María Erlingssen	150.000,00 kr				
Vín - mentorahittingur	18.735,00 kr				
Myndir af Teymum - upphaf hraðals	16.900,00 kr				
Sandholt - veitingar fyrir stýrifund	17.928,00 kr				
ENNEMM - Auglýsingar á samfélagsmiðlum	167.642,00 kr				
Bóksala Stúdenta	1.980,00 kr				
Hagkaup - veitingar	12.643,00 kr				
Snjallræði - Auglýsingavinna (Þór)	455.000,00 kr				
Overcast - vinna við nýjan vef	1.116.553,00 kr				
Facebook birtingar - Maí	185.688,00 kr				
Vín - kynningarfundur 2024	39.892,00 kr				
Samtals	11.842.961,00 kr				

Uppskeruhátíð Snjallræðis

SNJALLRÆÐI





HÁSKÓLAHRAÐALL FYRIR SAMFÉLAGSLEGA NÝSKÖPUN



Samantekt

- + Markmið Snjallræðis er að styðja við samfélagslega nýsköpun og stuðla að því að frambærilegum hugmyndum, verkefnum og rannsóknum sé hrint í framkvæmd til góðs fyrir samfélagið.
- + Innan háskólasamfélagsins eru mikil tækifæri til að gera betur og stuðla að því að rannsóknir og verkefni starfsmanna og nemenda séu ekki eingöngu birt heldur innleidd þannig að þau hafi raunveruleg samfélagsleg áhrif.
- + Það er tillaga stýrihóps Snjallræðis að breyta hraðlinum þar sem meiri áhersla sé lögð á starfsfólk og nemendur en auk þess verði til að byrja með nokkur sæti í boði fyrir almenning og fyrirtæki sem þá mögulega fjármagna hraðalinn. Þá er lagt til að nemendur fái einingar fyrir þátttöku.
- + Það hefur verið áskorun að fá fyrirtæki til að fjármagna hraðalinn, sér í lagi innra starf háskólanna. Lagt er til að leitað sé eftir fyrirtækjum sem eru tilbúin að veita þátttakendum verðlaun og greiða fyrir aðkomu MIT. Gert er ráð fyrir að hver háskóli leggi verkefninu lið með því að kosta vinnu síns starfsfólks við hraðalinn, sem getur m.a. falist í kaupum frá kennsluskyldu, tímabundinni ráðningu til að létta á öðru starfsfólki. Gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun. Til skoðunar er að staða verkefnastjóra gangi á milli háskólanna.
- + Framtíð verkefnis veltur á áhuga háskólanna til að sameinast um verkefnið og taka það áfram á næsta stig.

Verkefnalýsing

Snjallræði var stofnað árið 2018 af Höfða friðarsetri sem samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar, og samstarfsaðilum, þ.m.t. Háskólanum í Reykjavík og bakhjörnum. Hraðallinn hefur ávallt lagt áherslu á samfélagslega nýsköpun og frá stofnun verið opinn fyrir almenningi. Mikill áhugi hefur verið meðal almennings til að taka þátt og umsagnir þátttakenda mjög góðar en á síðustu árum hefur gengið erfiðlega að fá hraðalinn fjármagnaðan en þess má geta að KLAÐ sagði sig frá verkefninu árið 2023 m.a. á þeim forsendum.



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



marel



VÍSINDAGARÐAR
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Reykjavík

HOFDI

HOFDI REYKJAVIK PEACECENTRE

Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri ákváðu þrátt fyrir það að halda hraðalinn árið 2023 í svo til óbreyttri mynd og taka á sig þann kostnað sem til féll í formi vinnuframlags og greiðslna til MIT. Hins vegar er ljóst að erfitt er að halda verkefninu áfram óbreyttu. Í stað þess að leggja Snjallræði niður var sótt sameiginlega um styrk úr samstarfssjóði háskólanna til að endurskipuleggja hraðalinn sem fyrsta sameiginlega „háskólahraðal“ sinnar tegundar á Íslandi. Áhersla verkefnisins myndi þá beinast að því að draga fram og lyfta upp verkefnum úr þekkingarsamfélaginu sem eru líkleg til að hafa mikil samfélagsleg áhrif.

MIT er virkur og verðmætur samstarfsaðili í verkefninu en fulltrúar HÍ, HR og HA í stýrihóp verkefnisins sjá fyrir sér að geta stigið inn í framkvæmd verkefnisins af töluvert meiri krafti ef stjórnir allra þriggja háskólanna væru tilbúnar að semja um sanngjarnt framlag til verkefnisins. Þannig væri hægt að nýta í meira mæli staðbundna sérfræðiþekkingu frekar en að leggja út fyrir kostnaðarsama vinnu erlendra aðila.


Samfélagsleg áhrif

Snjallræði hefur frá upphafi verið leiðandi afl í stuðningi við samfélagslega nýsköpun. Verkefnið byggir á því að nýta nýsköpun og hönnunarhugsun til að leysa samfélagslegar áskoranir. Samstarf háskólanna skapar tækifæri fyrir nemendur, nýútskrifaða og akademíska starfsmenn til að þróa lausnir sem stuðla að sjálfbærni og samfélagslegri þróun.

Samfélagsleg áhrif og sjálfbærni eru lykilþættir í stefnum allra þriggja háskólanna. Samfélagið fær beinan ávinning af lausnum sem stuðla að sjálfbærri þróun, aukinni lýðheilsu, bættri menntun og öðrum lykilþáttum sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægi fyrir þátttakendur

Þátttakendur í verkefninu fá einstakt tækifæri til að efla nýsköpunarhæfni sína með aðstoð sérfræðinga, ráðgjafa og aðila úr atvinnulífinu. Þeir fá tækifæri til að vinna að raunverulegum verkefnum sem mun gera þá betur í stakk búna til að skapa ný verkefni, þjónustu og vörur. Frá upphafi hefur Snjallræði verið opið almenningi og það er ýmislegt jákvætt við það að halda þeim möguleika opnum að fólk utan háskólasamfélagsins eigi möguleika á að taka þátt. Stýrihópurinn telur engu að síður tækifæri til að auka þátttöku nemenda, nýútskrifaðra og akademískra starfsmanna. Með nýrri áherslu hafa umsóknir úr háskólasamfélaginu aukist til muna árið 2024 og skref eru fyrirhuguð til að auka þá áherslu enn meir.



Alls voru valin 11 teymi til að taka þátt í Snjallræði í ár

Tengsl við atvinnulífið

Snjallræði á að vera brú milli háskólasamfélagsins og atvinnulífsins. Eitt af markmiðum verkefnisins er að auka þátttöku fyrirtækja í samfélagslegri nýsköpun. Með sinni aðkomu fá samstarfsaðilar úr atvinnulífinu aðgang að lausnum sem eru þróaðar af hæfileikaríkum vísindamönnum og frumkvöðlum. Þau kynnast líka upprennandi einstaklingum sem hafa metnað fyrir að láta til sín taka. Nýsköpunarfyrirtæki hafa komið að Snjallræði sem bakhjarlar nánast frá upphafi og slíkt samstarf hefur reynst verkefninu og þátttakendum mjög vel og stýrihópurinn vill sjá til þess að slíkt samstarf verði eft.

Einstakur samstarfsvettvangur háskólanna

Snjallræði er kjörinn vettvangur fyrir háskólana til þess að sameina styrkleika sína á sviði nýsköpunar og auka samfélagsleg áhrif sinna starfa. Með því að veita aðilum úr þekkingarsamfélaginu aðgang að sérfræðiþekkingu, kennslu og ýmiss konar aðstoð á sviði hönnunarhugsunar og samfélagslegrar nýsköpunar gætu háskólarnir skapað verkefni sem gæti jafnvel náð athygli út fyrir landsteinana. Aukið samstarf við atvinnulífið og þátttaka í nýsköpunarferlum mun einnig styrkja ímynd háskólanna sem leiðandi afl í nýsköpun og hugverkasköpun.



Svipmyndir frá fyrr samfélagshróðlum

Umsagnir

Bergið Headspace

Bergið headspace tók þátt í fyrsta Snjallræði haustið 2018. Þá hét það ekki Bergið headspace og hugmyndin var í raun bara á byrjunarstigum.

Ég get með sanni sagt að Snjallræði hjálpaði okkur mjög mikið í að komast af stað.

Ég fékk tækifæri til að koma og vinna með öðru skapandi fólki, fá leiðsögn og ramma utan um hvað gera þyrfti og sérstaklega að fá góða þjálfun í því að setja hugmyndina upp með skýrum hætti til að geta kynnt fyrir öðrum. Þannig varð hugmyndin raunhæfari, ég fékk aukið sjálfstraust í því að kynna hana, vinna raunhæfar áætlanir um þau skref sem taka þyrfti og líka smá spark í rassinn með því að hafa stað til að mæta á hverjum degi til að vinna.

Bergið headspace er í fullu fjöri, þar starfa samtals 15 manns núna í mismiklu starfshlutfalli. Við hittum 90-100 ungmenni í hverri viku og hjálpum þeim með að takast á við lífið. Frá upphafi höfum við unnið með um 2500 ungmönnum og erum rétt að byrja.

Sigurpóra Bergsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Bergsins headspace



Sigurpóra Bergsdóttir

Alda

Innan háskólasamfélagsins vantar iðulega upp á hvata og innviði til þess að tækniyfirfærsla eigi sér raunverulega stað og niðurstöður rannsókna og tækniþróunar skili sér til endanotenda, t.a.m. í heilbrigðis- og menntakerfi. Í hópnum okkar sem tekur þátt í Snjallræði erum við með reynslu af því að vera báðum megin við borðið: Við vinnum við máltæknirannsóknir innan háskólasamfélagsins en höfum líka reynslu af því að vinna í klíník sem talmeinafræðingar. Við þessar aðstæður verður skorturinn á tækniyfirfærslu mjög greinilegur, rannsóknarniðurstöðurnar okkar og tæknin sem verður til eru einfaldlega ekki á formi sem gerir talmeinafræðingum kleift að nýta afurðirnar, þó að skýrt sé að ávinningurinn gæti verið umfangsmikill. Með Snjallræði vonumst við til þess að öðlast þau verkfæri sem við þurfum til þess að byggja nauðsynlegar brýr á milli rannsókna og hagnýtingar og skapa lausnir sem raunverulega nýtast í samfélaginu. Við höfum nú þegar lært að beita nýrri hönnunarhugsun á vandamálin sem við fáumst við og finnum að við erum orðin betri í að miðla okkar lausnum til fjölbreytts hóps.

Iris Edda Nowenstein, stofnandi Alda Clinical technologies



Iris Edda Nowenstein, ásamt meðstofnendum Alda Clinical technologies

Marel

Haukur Hafsteinsson, yfirverkfræðingur hjá Marel og mentor í Snjallræði var spurður að því hvernig aðkoma Marel að Snjallræði gagnaðist fyrirtækinu. Haukur lagði áherslu á eftirfarandi þætti:

1. **Aðgangur að fólki með góða hæfileika:** Það er augljóst að aðgangur að fólki með góða hæfileika er eitthvað sem fyrirtæki þarf að hafa. Svona samstarf er alltaf tækifæri til að fylgjast með hæfni nemenda og mögulega ráða þá sem gætu passað í störf hjá Marel.
2. **Nýjar hugmyndir og nálganir:** Þó að verkefnið séu oft ekkert í takt við það sem fyrirtækið gerir koma nemendur koma oft með ferska sýn og nýjar nálganir á vandamál. Ég hef margoft séð að þetta getur nýst í öðrum ólíkum verkefnum. Fyrir mér er þetta mjög mikilvægt atriði.
3. **Sterkari tengsl við háskólann:** Með þátttöku styrkir fyrirtækið tengsl sín við háskólasamfélagið. Þetta hefur leitt til frekari samstarfs samkvæmt minni reynslu, til dæmis í rannsóknum eða þróunarverkefnum.
4. **Aukin sýnileiki og orðspor:** Marel eykur sýnileika sinn og orðspor sem góður og áreiðanlegur samstarfsaðili, sem getur verið mikilvægt í markaðssetningu og í að laða að hæfileikaríka starfsmenn.
5. **Þekking á nýjustu tækni og fræðum:** Þetta tengist lið 1 að vissu leyti. Marel getur fylgst með nýjustu framþróun og tækni í gegnum verkefnið sem gæti hjálpað til við að vera í fremstu röð á sínu sviði. Á að sjálfsögðu sérstaklega við þegar verkefnið eru í tengslum við það sem Marel gerir.
6. **Samfélagsábyrgð:** Fyrirtæki að þeirri stærðargráðu sem Marel er á að taka þátt í menntun og þjálfun næstu kynslóðar. Það er samfélagsábyrgð.



Haukur Hafsteinsson situr í panel á lokadegi Snjallræðis ásamt Eddu, stofnanda Iceland Innovation Week og Elvu, framkvæmdastjóra Festu